



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2016

### **Efni: Drög að frumvarpi til laga um námslán og námsstyrki**

Með frumvarpsdrögum eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi námsaðstoðar Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Ásamt því að draga úr misræmi í stuðningi til námsmanna og gera stuðninginn bæði gagnsærri og jafnari, eru hvatar til bættrar námsframvindu auknir. Þá fela breytingarnar í sér að dregið er úr rekstraráhættu LÍN. Viðskiptaráð telur frumvarpsdrögin vera til mikilla bóta og vega þar þýngst markvissara stuðningsfyrirkomulag og bætтар endurheimtur á útlánunum. Vonast ráðið til þess að frumvarpið nái fram að ganga.

### **Menntun er efnahagsmál**

Menntun skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni þjóða. Hún eykur bæði þekkingu og færni einstaklinga og styður þar með við aukna verðmætasköpun. Fátt skiptir meira máli fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild en öflugt og skilvirkt menntakerfi. Af þessum sökum hefur Viðskiptaráð allt frá stofnun tekið virkan þátt í uppbyggingu menntunar hér á landi.<sup>1</sup>

Íslenska menntakerfið stendur höllum fæti á ýmsum sviðum. Að mati Viðskiptaráðs er frumvarpið til þess fallið að mæta mörgum af þeim áskorunum sem við er að etja. Til að mynda kemur fram í greinargerð frumvarpsdraganna að meðalaldur Íslendinga við brautskráningu með grunngráðu á háskólastigi sé tæplega 31 ár, sem er hæsta meðaltal í OECD ríkjunum. Íslendingar eru jafnframt elstir meðal íbúa OECD-ríkjanna til að ljúka framhaldsnámi á háskólastigi, eða rúmlega 35 ára. Í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum eru hvatar til bættrar námsframvindu sem ættu að draga úr þessum vanda.

### **Námsaðstoð verði jafnari, sjálfbærari og markvissari**

Viðskiptaráð fagnar áformum um aukið gagnsæi í formi beinna styrkgreiðslna í stað óbeinna styrkja í formi niðurgreiddra vaxtakjara líkt og nú tíðkast. Nái frumvarpið fram að ganga munu námslán áfram vera veitt, bæði til framfærslu og fyrir skólagjöldum, en vaxtakjör færð nær því sem sjálfbært getur talist miðað við vaxtakjör ríkissjóðs.

---

<sup>1</sup> Um aðkomu Viðskiptaráðs að menntamálum í gegnum tíðina má lesa í ársskýrslu ráðsins frá 2016, sjá: [http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/skyrsla\\_adalfundar\\_2016.pdf](http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/skyrsla_adalfundar_2016.pdf)

Beini fjárstuðningurinn mun samkvæmt frumvarpinu nema 65.000 krónum á mánuði til að hámarki 45 mánaða (5 skólaár). Styrkurinn er jafnframt bundinn við breytingu í vísitölu neysluverðs en lækkar í réttu hlutfalli við námsframvindu. Með þessu fyrirkomulagi eru námsmenn hvattir til að ljúka námi hraðar en áður enda skilgreint hámarkstímabil hvað beinar styrkgreiðslur varðar og lágmarksframvindu krafist. Þá dregur slíkt fyrirkomulag jafnframt úr líkum þess að skipt sé um námsbrautir eftir að nám hefst. Hvort tveggja dregur úr soun innan háskólakerfisins og eykur líkurnar á því að íslenskir námsmenn útskrifist fyrir.

Með frumvarpinu er fyrirkomulagi við endurgreiðslu námslána breytt umtalsvert. Lagt er til að árleg fjárhæð endurgreiðslu verði ekki tengd tekjum lántaka heldur fjárhæð lánsins. Vextir lánanna verða 2,5% að viðbættu álagi til að standa skil á afföllum af endurgreiðslum lána. Miðað er við að vaxtaálagið verði 0,5%. Að mati Viðskiptaráðs eru þessar breytingar til bóta. Í núverandi fyrirkomulagi er ekki samræmi á milli fjárhæðar láns og endurgreiðslu. Þetta veldur misræmi í styrkveitingu til námsmanna og röngum hvötum. Þannig fá þeir mesta stuðninginn sem eiga stystan tíma eftir á vinnumarkaði og taka hæstu lánin. Þá eru nemendur jafnframt líklegri til að velja arðbærari námsleiðir samkvæmt nýju fyrirkomulagi. Viðskiptaráð fagnar því fyrirhuguðum breytingum.

Nái frumvarpið fram að ganga verður hámark veittrar námsaðstoðar 420 ECTS-einingar, eða sjö ár óháð námsferli. Styrkirnir eru þó eingöngu í boði fyrstu 5 árin. Þó verið sé að stytta hámark námsaðstoðar úr átta árum í sjö verður hún eftir sem áður meiri en annars staðar á Norðurlöndunum, þar sem námslán eru að hámarki veitt fyrir 300-360 ECTS-einingar.<sup>2</sup> Viðskiptaráð telur þó ástæðu til að meta hvort 15 milljón króna þak á lántöku hamli sókn nemenda í erlenda skóla af hæsta gæðaflokki. Útlánaáhætta gagnvart umræddum einstaklingum er almennt af skornum skammti og því ólíklegt að rýmra þak hefði veruleg áhrif á gæði lánasafns sjóðsins.

### **Mikilvægt að takmarka útlánaáhættu LÍN**

Að mati Viðskiptaráðs er fyrirsjáanlegt að endurheimtur námslána batni mikið með þeim breytingum sem frumvarpsdrögin kveða á um. Þar vega breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslna þyngst. Fastar endurgreiðslur og hámarksendurgreiðslutími koma í veg fyrir þá stóru óbeinu styrki sem lítill hópur námsmanna hefur notið samkvæmt núverandi kerfi. Þannig er krafa um að lántaki greiði upp lánið fyrir 67 ára aldur, að hámarki á 40 árum, en auk þess mun námsaðstoð takmarkast eftir 50 ára aldur. Samskonar skilyrði eru við til staðar í lögum annarra Norðurlanda en þar er hámarksendurgreiðslutími 15 til 30 ár og uppgreiðslu skal vera lokið í síðasta lagi við 65 ára aldur í Noregi og 60 ára í Svíþjóð. Með breyttu kerfi mun útlánatap sjóðsins minnka, styrkir dreifast jafnar auk þess sem gagnsæi fyrirgreiðslu er aukið til muna.

### **Dagleg afgreiðsla, útborgun lána og innheimta verði útvistuð hjá einkaaðilum**

Í 3. mgr. 5. gr. núgildandi laga nr. 21/1992 um lánasjóðinn er að finna heimild til handa stjórnar sjóðsins til þess að fela bankastofnun útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu sjóðsins. Heimildin er áfram í 21. gr. fyrirliggjandi frumvarpsdraga nema í stað bankastofnunar er talað um fjármálafyrirtæki. Að mati Viðskiptaráðs er full ástæða til að stjórn sjóðsins nýti þessa heimild í ríkari mæli en verið hefur. Með því að útvista hluta starfsemi LÍN mætti auka hagræði í rekstri sjóðsins. Að mati Viðskiptaráðs mætti jafnvel umorða ákvæðið á þann hátt að stjórn sjóðsins bæri að bjóða út þau verk sem ekki er þörf á að sjóðurinn sinni sjálfur.

---

<sup>2</sup> Að Noregi undanskildum en þar er lánað fyrir 480 einingum.

### **Frestun á endurgreiðslu vegna íbúðarkaupa utan markmiða laganna**

Í 18. gr. frumvarpsdraganna er kveðið á um heimild til að fresta allt að helmingi hvernar endurgreiðslu námslána í allt að 60 mánuði vegna fyrstu kaupa lántaka á íbúðarhúsnæði. Að mati Viðskiptaráðs ætti ekki að blanda saman námsaðstoð og styrkjum til húsnæðiskaupa. Er ákvæðið til þess fallið að flækja námslánakerfið, draga úr endurheimtum og auka umsýslukostnað. Að því sögðu er það mat ráðsins að fella ætti 2. mgr. 18. gr. frumvarpsdraganna brott.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpsdrögin verði endurskoðuð með tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt,



---

Marta Guðrún Blöndal  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands